

Mál nr. 175/2007

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**

Vátryggingafélagið v/ bifreiðarinnar B.

Árestur Norðurlandsvegi í Hrútafirði, V-Hún., þann 20.6.2007.

Gögn.

1. Málskot, mótt ekið 11.9.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.9.2007.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B, hóp bifreið, var ekið norður Norðurlandsveg og var A á undan B. Er ökumaður A hugðist aka fram úr annarri bifreið, sem ekið var fyrir framan hann, rakst A utan í vinstra framhorn B með þeim afleiðingum að ökumaður A missti stjórn á bifreiðinni svo hún valt og hafnaði utan vegar.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 90 km hraða og nálgast hægfara bifreið sem hann hugðist aka fram úr. Hafi hann litið í baksýnispegla áður en hann beygði til vinstri til að aka fram úr bifreiðinni sem á undan fór. Hafi hann ekki áttað sig á að B hafi þá þegar verið komin upp að vinstri hlið A. Hafi A þá rekist utan í hægri framhorn B með fyrrgreindum afleiðingum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið norður Norðurlandsveg á eftir A. Á undan A hafi annarri bifreið verið ekið, en mun hægri. Hugðist hann aka fram úr þessum bifreiðum. Er hann var kominn yfir á vinstri vegarhelming og var að aka fram með vinstri hlið A, hafi ökumaður hennar sveigt til vinstri eins og hann hafi einnig ætlað að aka fram úr bifreiðinni á undan. Hafi A stökist utan í hægri framhorn B.

Álit.

Samkvæmt c. lið 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga skal ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega að enginn, sem á eftir ekur, hafi byrjað akstur fram úr honum. Ökumaður A áttaði sig ekki á B, sem var á leið fram úr honum, fyrr en í óefni var komið. Ökumaður A gætti ekki þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast. Hann á því sök á óhappinu. Ekki verður ráðið af málsgögnum að ökumaður B hafi í umrætt sinn hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 9. október 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.